



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Svar við fyrirspurn

Á fundi borgarráðs þann 16. desember 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram svohljóðandi spurningu um tekjutap vegna læknisheimsókna á vinnutíma:

Í svari við fyrirspurn Sósíalístaflokks Íslands um læknisheimsóknir á vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar, dagsett 29. nóvember 2021 kom fram að leitast skuli við að lágmarka fjarveru vegna persónulegra erinda á vinnutíma þar sem starfsfólk geti sinnt þeim erindum í frítíma eftir að vinnuvikan hefur verið styttn. Ef því verður ekki við komið utan vinnutíma sé það stefna Reykjavíkurborgar að starfsfólk geti sinnt persónulegum erindum, eftir því sem aðstæður á starfsstað leyfi. Í slíkum tilvikum þarf starfsmaður ætíð að ráðfæra sig við sinn yfirmann. Í svarbréfi við fyrirspurninni kom fram að fjarvera vegna t.d. læknisheimsókna valdi ekki tekjutapi eða frádrætti frá föstum launum starfsfólks. Þetta passar ekki við veruleikann sem er uppi þar sem dregið hefur verið af launum eða dregið hefur verið af styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki ef að persónuleg erindi falla ekki á þann dag sem styttingin er. Hver er því raunveruleg staðan í þessu? Hafa skilaboðin ekki skilað sér til allra stjórnenda starfsstaða?

Svar:

Eins og fram kom í svari við fyrirspurn um læknisheimsóknir á vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar dags. 29. nóvember 2021 þá er eitt af markmiðum Betri vinnutíma að stuðla að nýtingu vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu. Til að ná fram betri nýtingu á vinnutíma skal lágmarka fjarveru vegna persónulegra erinda á vinnutíma enda geti starfsfólk sinnt þeim erindum í frítíma eftir að vinnuvikan hefur verið styttn. Ef því verður ekki við komið utan vinnutíma þarf starfsmaður ætíð að ráðfæra sig við sinn yfirmann og starfsfólk skráir slíka fjarveru í viðverukerfi Reykjavíkurborgar samkvæmt [leiðbeiningum](#) þar um. Eins og fram kemur í þeim leiðbeiningum sem gefnar hafa verið út þá skal nota sérstaka fjarvistartegund í viðverukerfinu Vinnustund þegar starfsfólk þarf að fara til læknis og getur ekki fengið tíma þegar það er í styttingu. Fjarvera vegna læknisheimsókna skal því ekki valda tekjutapi eða frádráttar frá föstum launum starfsfólks af því gefnu að tilefnið sé brýnt og ekki hafi verið unnt að hliðra til tímasetningu heimsóknarinnar. Starfsfólki ber því að stimpla sig út í slíkri fjarveru og telst þá eftir atvikum hafa ráðstafað styttingu vinnuvikunnar sem þeirri fjarveru nemur eða merkir fjarveruna með sérstakari fjarverutegund í viðverukerfi. Fjarvera vegna læknisheimsókna veldur því ekki tekjutapi eða frádrætti frá föstum launum starfsfólks og ekki hefur ekki verið dregið af launum starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna nauðsynlegra læknisheimsókna. Leiðbeiningar um skráningar í vinnustund og styttingu vinnuvikunnar sem unnar voru í samvinnu við stéttarfélag var miðlað til stjórnenda og starfsfólks þegar þær voru gefnar út og í dag er þær að finna í Fróða innri vef starfsfólks.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið